

Akraneskaupstaður  
Runólfur Þór Sigurðsson,  
byggingar- og skipulagsfulltrúi  
Stíllholti 16-18  
300 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. apríl 2012  
UST20120300153/dg

## Efni: Grenjar - deiliskipulagsáætlun

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Akraness er barst 16. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna lýsingar deiliskipulags Grenja á Akranesi.

### Almennt um framkvæmd

Skipulagssvæðið er 4,6 ha. að stærð og skilgreint sem hafnarsvæði (H3) í aðalskipulagi Akraness. Umhverfisstofnun bendir á misræmi milli aðalskipulagsteikningar og greinargerðar skipulagsins en þar er svæðið skilgreint iðnaðarsvæði (I1). Svæðið afmarkast af Lambhúsasundi til suð-vesturs, Krókalóni til norð-austurs og opnu hafi til norð-vesturs og af íbúðabyggð við Bakkatún og Krókatún til suð-austurs. Áætluð er stækkun svæðisins með landfyllingu út í Krókalón og stækkun mannvirkja undir núverandi starfsemi.

### Náttúruminjar

Áætluð landfylling gengur út í Krókalón sem samkvæmt aðalskipulagi Akraness er undir hverfisvernd vegna landslags, náttúrufrars, auðugs fuglalífs og útivistargildis. Umhverfisstofnun vill hvetja Akraneskaupstað að íhuga hvaða gildi hverfisverndin hefur, og telur stofnunin að meta þurfi hvaða áhrif fyrirhuguð framkvæmd hefur á þá þætti sem tilgreindir eru sem ástæða til hverfisverndar.

### Mannvirkjagerð


Í lýsingunni er gert ráð fyrir landfyllingu < 5 ha og þá undir þeim mörkum er tilgreind eru í viðaukum í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt, en Umhverfisstofnun getur þó veitt leyfi til að tilteknum efnum sé varpað í hafið, sbr. 9. gr. fyrrgreindra laga. Í leiðbeinandi reglum um meðferð dýpkunarefnis segir; *Opin landfylling: Nýmyndun lands, yfirleitt varin að hluta með varnargörðum. Efni liggur á hafsbotni að nokkru leyti óvarið fyrir straumum og lífríki. Telst vera varp í hafið í skilningi laganna.*


Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hvaða efnistökusvæði verði notað vegna framkvæmda við áætlaða landfyllingu.

Umhverfisstofnun bendir enn fremur á að ekki kemur fram hvaða starfsemi er áætluð í mannvirkjum á svæðinu en samkvæmt aðalskipulagi Akraness er um að ræða hafnarsvæði H3, en í lýsingu skipulagsáætlunarinnar kemur fram að ekki hafi verið farið eftir formlegu deiliskipulagi í uppbyggingu svæðisins og sé því um að ræða nýtt deiliskipulag

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við lýsingu skipulagsáætlunar Grenja á Akranesi.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
deildarstjóri

  
Drífa Gústafsdóttir  
sérfræðingur

Skipulagsstofnun